

## Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Óttari Proppé  
um skipun fulltrúa í stjórnarskrárnefnd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvers vegna hefur fulltrúi Bjartrar framtíðar í stjórnarskrárnefnd, sem tilkynnt var um með bréfi 12. nóvember 2014, ekki verið formlega skipaður?*

Með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 19. desember 2014, var óskað eftir því, með vísan til 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að Björt framtíð tilnefndi fulltrúa af báðum kynjum til setu í nefndinni. Að fengnum tilnefningum Bjartrar framtíðar var gengið frá skipunarbréfi fyrir nýjan fulltrúa flokksins. Svo virðist hins vegar sem bréfið hafi ekki, fyrir mistök, verið sent móttakanda. Beðist er velvirðingar á því. Skipunarbréfið verður sent móttakanda við fyrsta tækifæri. Tekið skal fram að þetta hefur ekki valdið neinum töfum eða truflunum á störfum nefndarinnar. Stjórnarskrárnefnd hefur nú fundað ríflega fjörutíu sinnum og einn af þingmönnum Bjartrar framtíðar hefur mætt á þá fundi.